



10:30 Norska húsið: Refilsaumsnámskeið

Ragnheiður Sjöfn Jóhannsdóttir kennir refilsaum!

Ragnheiður hefur kennt refilsaum á vegum Heimilisiðnaðarfélags Íslands undanfarin misseri kemur í Stykkishólm og kennir áhugasömum refilsaum. Annað námskeið kl. 15:30.

Ókeypis þátttaka á námskeið! Námskeið tekur um 2:30 klst. Takmarkað pláss er á námskeið og skráning nauðsynleg.

10:30 Tang & Riis: Langspilssmiðja fyrir alla fjölskylduna.

Eyjólfur Eyjólfsson kennir gestum að smíða langspil!

Eyjólfur hefur síðustu ár kennt börnum að smíða sér sitt eigið langspil. Fleiri námskeið yfir daginn.

Ókeypis þátttaka á námskeið! Námskeið tekur um 40 mín. Takmarkað pláss og skráning nauðsynleg.

13:00 Tang & Riis: Pop-Up verslun Heimilisiðnaðarfélags Íslands

13:00 Krambúð Norska hússins: Milla víravirki / Þjóðbúningasilfur & Urður ullarvinnsla

Helga Ósk gullsmiður sýnir og selur skartgripni sem innblásnir eru af hefðbundnu þjóðbúningaskarti. Ullarvinnslan Urður sýnir vörur.

13:00 Norska húsið: Dansandi nálar

Útsaumssýning Guðrúnar Elenú Magnúsdóttur. Sýningin byggir á útsaumi Guðrúnar í École Lesage skólanum í París.

13:00 Gamla kirkjan: Ull og silfur.

- **Ullarvinnsla á Vesturlandi**
Ingibjörg Þórunna Steinudóttir hefur nýverið stofnað fyrirtækið Urður ullarvinnsla ehf sem staðsett er í Dölunum. Ingibjörg segir frá og sýnir ull sem hún hefur unnið og kynnir hugmyndir sínar um Urði ullarvinnslu.
- **Fjölbreytt munstruð einskefta**
Guðrún hefur gefið út bókina *Fjölbreytt munstruð einskefta* þar sem finna má yfir þrjátíu vefnaðaruppskriftir af fallegum nytjamunum. Guðrún verður með bókina til sölu og afurðir úr bókinni til sýnis sem m.a. voru ofn í Stykkishólmi.
- **Refilsaumur á Snæfellsnesi**
Anna Melsteð segir frá refilsaumsverkefni um Eyrbyggjusögu og kynnir útsaumspakka byggða á sögunni.

14:30 Myndataka við Norska húsið

Þjóðbúningaklæddir gestir sitja fyrir á árvissri mynd hátíðarinnar.

15:00 Þjóðbúningakaffi

Norska húsið býður þjóðbúningaklæddum gestum upp á kaffi og pönnur úr Mávastellinu margfræga. Skráning nauðsynleg!

16:00 Þjóðdansar á Plássinu.

Félagar úr Þjóðdansafélagi Reykjavíkur taka sporið fyrir utan Norska húsið. Dansaðir verða íslenskir þjóðdansar og gestum gefst tækifæri að taka þátt í dansinum. Öll velkomin.

17:00 Gengið á Súgandisey

Gengið á þjóðbúningum á Súgandisey - ef veður leyfir. Öll velkomin.



NORSKA HÚSIÐ

Byggðasafn Snæfellsnes og Hvalpölla

